

# Skýrsla um starfsemi SAM 2022-2023

## STÖRF STJÓRNAR

Frá aðalfundi SAM 5. apríl 2022 hefur stjórn SAM haldið tvo bókaða fundi. Á fundum stjórnar skipti stjórn með sér verkum og fjallaði auk þess um tilnefningar í Verðlagsnefnd búvara, áherslur í ræktunarmarkmiðum Íslenska kúastofnsins, ósk um heimild fyrir aðildarfélög samtakanna til að nýta fituhluta umfram mjólkur ársins 2021 innanlands og stöðu landbúnaðar á Íslandi vegna hækkana á aðföngum.

## FRAMLEIÐSLA OG SALA MJÓLKURVARA 2022

Mjólkurframleiðsla minnkaði á árinu 2022 og var 147,9 milljónir lítra hjá aðildarfélögum SAM en árið 2021 var framleiðslan 148,8 milljónir lítra.

Meðalinnvigtun frá hverjum framleiðanda 2022 voru 300.136 lítrar, sem var aukning um 13.929 lítra frá fyrra ári. Mjólkurframleiðendur í árslok voru 493 og hafði fækkað um 27 á árinu, eða 5,2%. Síðustu tíu ár hefur mjólkurframleiðendum fækkað að jafnaði um 3,1% á ári.

Greiðslumark verðlagsársins 2022 var 146,5 milljónir lítra. Hjá aðildarfélögum SAM var tekið á mót 147.966.914 lítrum og mjólk umfram greiðslumark var 1.531.382 lítrar. SAM gerði tillögu til Matvæla- ráðuneytisins að greiðslumark ársins 2023 yrði 149 milljónir lítra. Sú tillaga var samþykkt.

Sala mjólkurvara árið 2022 á fitugrunni jókst um 2,0% milli ára og var 147,2 milljónir lítra.

Á próteingrunni var sala 127,9 milljónir lítra og jókst um 4,3 milljónir lítra eða 3,5%, á milli ára. Munur á sölu á fitu- og próteingrunni minnkaði um 1,4 millj. lítra á milli ára og var 19,2 millj. lítra árið 2022. Þessi munur samsvarar tæpum 1.600 tonnum af undanrennufti á hverju ári.

Innflutningur mjólkurafurða jókst um 20 tonn á milli ára. Aukningin var einkum í fljótandi mjólkurafurðum, ferskum og sýrðum. Innflutningur árið 2022 samsvarar um 8 milljón lítrum af mjólk á próteingrunni og um 5,8 milljón lítrum á fitugrunni.

Útflutningur mjólkurafurða minnkaði um 700 tonn frá árinu 2021, mestur samdráttur var í útflutningi á dufti um 500 tonn en útflutningur á smjöri minnkaði um 200 tonn.

## UM STARFSEMI SAM

Lögbundið verkefni SAM er að koma fram fyrir hönd mjólkuriðnaðarins við framkvæmd Búvörulaga. Verkefni SAM eru einnig að gæta hagsmuna, sinna sameiginlegum verkefnum á vegum aðildarfélaganna og stuðla að aðstöðujöfnun meðal mjólkurframleiðenda á landsvísu. SAM hefur í rekstri og efnahag sínum þá sameiginlegu starfsemi í þágu greinarinnar sem stjórn samtakanna tekur ákvörðun um hverju sinni.

Meðal verkefna SAM er söfnun nauðsynlegra upplýsinga um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurafurða á Íslandi til að unnt sé að framfylgja ákvæðum Búvörulaga um ákvörðun greiðslumarks. Önnur verkefni vegna ákvæða Búvörulaga eru m.a. útreikningur Ríkisstuðla sem notaðir eru til að ákveða magn mjólkur sem selst innanlands og útreikningur á efnainnihaldi viðmiðunarmjólkur sem lágmarksverð verðlagsnefndar landbúnaðarins miðast við hverju sinni.

Í áratugi hefur SAM safnað og unnið tölur um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurafurða á Íslandi. Upplýsingarnar eru nýttar til að fylgjast með innanlandsmarkaði mjólkurafurða, auk þess sem upplýsingar eru veittar til aðildarfélaga SAM, Hagstofu Íslands, tölfræðistofnunar Evrópusambandsins (Eurostat), IFCN Dairy Research Center og alþjóðlegu mjólkursamtakanna IDF (International Dairy Federation). Skýrslurnar eru einnig grunnur að útreikningi á mánaðarlegum verðtilfærslum milli aðildarfélaga SAM. Verkefnum SAM er nú sinnt af starfsmönnum Mjólkursamsölnunnar, undir stjórn stjórnar SAM.

SAM er tengiliður íslensks mjólkuriðnaðar við eftirtalin erlend samtök:

1. International Dairy Federation – IDF (alþjóðleg samtök mjólkurframleiðenda og vinnslufyrirtækja).
2. IFCN Dairy Research Center (samtökin rannsaka rekstur kúabúa um allan heim).
3. Global Dairy Platform (alþjóðleg samtök vinnslu- og markaðsfyrirtækja í mjólkurmarkaði).
4. Nordiske meieriorganisasjoners samarbeidsutvalg for mjølkekvalitetsarbeid – NMSM (norrænt samstarf um mjólkureftirlit og mjólkurgæði).

Markmið SAM með þátttöku í innlendu og erlendu samstarfi er að safna og miðla upplýsingum sem gagnast íslenskum mjólkuriðnaði og íslenskum mjólkurframleiðendum.